

**Nr. 046 / 15 Kristján HF 100****Leki í vélarúmi**

Skipaskr.nr. 2820  
Smíðaður: Hafnarfjörður 2011, plast  
Stærð: 14,85 bt.  
Mesta lengd: 12,48 m Skráð lengd: 11,38 m  
Breidd: 3,7 m Dýpt: 1,51 m  
Vél: Volvo Penta 335 kW, 2011  
Fjöldi skipverja: 2

**Gögn:**  
Gögn RNS



Kristján©Fiskifrétir

Málið afgreitt á fundi 18. september 2015 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasynti, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni.

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

**Atvikalýsing:**

Þann 18. maí 2015 var Kristján HF 100 á veiðum suður af Grindavík. Veður: NNV 7 m/s.

Á veiðunum urðu skipverjar varir við leka í vélarúmi og óskuðu eftir aðstoð. Dælur bátsins höfðu undan en til öryggis kom björgunarskip með aukadælu og fylgdi Kristjáni til hafnar í Grindavík.

**Við rannsókn kom fram:**

- að lekinn kom með pústbarkanum frá vélinni;
- að súturinn á vélinni er kónískur með kanti og hertur saman með gjörð sem losnaði upp;
- að nýlega hafði verið skipt um pústbarkann í slipp og var frágangur ekki nógu góður í samsetningunni. Þetta var lagfært og reyndist í lagi eftir það.

**Nefndarálit:**

Nefndin ályktar ekki í málinu.